

Skýrsla stjórnar

Starfár Geitfjárræktarfélags Íslands 2023-24

Á síðasta aðalfundi kom Guðni Ársæll Indriðason og Þorsteinn Ólafsson nýjir inn í stjórn. Áfram héldu Brynjar Þór Vigfússon sem tók við sem formaður. Anna María Lind Geirssdóttir ritari, Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir, Helena Hólm og Bettina Wunsch Stjórn fundaði formlega 1 sinni á síðasta ári í fjarfundi.

Hinsvegar voru hin margvíslegu mál rædd í spjallhóp og margt hægt að leysa þannig ásamt nokkrum símtölum.

Anna María Lind fór á sveitasæluna í skagafirði 19 ágúst fyrir hönd gffí og kynnti geitfjárrækt við góðar undirtektir gesta.

Fundur var tekin með RML með framkvæmdarstjóra og starfsmönnum RML varðandi Heiðrúnu skýrsluhaldsforrit. Var tilefnið helst sú gífurlega hækkun áskriftar sem lagðist á stóran hlut geitabænda en einnig meingölluð Heiðrún, en lagt var eitt gjald á áskriftina og hækkaði áskriftin bænda ýmist um 15%, 137% eða 473%. Var sú hækkun gagnrýnd, en mætti það litlu þar sem ákvörðunin var greinilega meitluð í stein og ómöguleiki að breyta til baka. Kemur þar fram hið almenna skilnings- og áhugaleysi fyrir geitfjárræktinni, en með þessari hækkun fer stór hluti gripagreiðsla margra bænda beint í nauðsynlegt skýrsluhaldsforrit. Því skín enn og aftur í skilnings- og áhugaleysi fyrir því hugsjónarstarfi sem geitfjárræktin er en má hún ekki við því að fleiri aukaálögur sligi niður þrótt geitabænda sem því miður hafa oft ekki miklar aðrar tekjur af ræktuninni en gripagreiðslur oft vegna smægðar hjarða eða aðstöðuleysis. Var viðurkennt á fundinum með RML að hækkunin hafi ekki aukið tekjur RML að miklu leiti og væntanlega ekki sjáanlega í ársreikningi, en staðfest er að það sligar marga geitabændur.

Ný Heiðrún leit dagsins ljós. Fékk hún þá sitt eigið veffang og sér geymslupláss. Er henni í besta falli lýst sem beinagrind, og nokkuð ljóst að ef fjárvís væri eins væri ekki vinnufriður hjá RML vegna kvartana og er því mikið verk óunnið og innan um þónokkrar kvimleiðar villur hér og þar. Mögulega er beðið eftir því að safnist inn fyrir vinnu við forritið með áskriftargjöldum. En tilkynnt var á áður nefnum fundi hversu mikið væri nú þegar farið fram úr fjármagni við vinnuna.

RML lagði í könnun fyrir notendur Heiðrúnar þar sem óskað var eftir þeirra hugmyndum að þróun forritsins en eftir að þeirra könnun lauk hefur hvorki heyrst um breytingar eða vinnu við forritið. Verður helst litið á það sem friðarhönd um að eitthvað væri í pípunum.

Samkvæmt Hagstofu Íslands í gegnum mælaborð landbúnaðarins fyrir árið 2022 voru skráðar 1889 geitur hjá 121 búfjáreiganda. Nú um áramótin 23-24 eru skráðar 1751 geitur hjá 110 eigendum. Er þar augljóslega um rangtalaningu að ræða og virðast þar einhver staðar ekki vera tölur og gögn sem tala saman. Þar sem undanfarin ár hefur verið góður stígandi í fjölgun geita og ekki hefur frést af fækkun geita og bænda heldur frekar þvert á móti. Eru tildæmis ekki skráðar geitur hjá undirrituðum í afurðarkerfi Matvælaráðuneytisins og hefur það einnig verið staðfest hjá öðrum þó öllum gögnum hafi verið skilað á réttum tíma. Svör berast ekki frá aðilum þegar eftir þeim er leitað en verður haldið áfram að ýta á eftir þeim.

Við endurskoðun búvörusamninga fyrir hönd geitabænda var lítið um að ræða. Í upphafi og fram eftir viðræðum frá samninganefnd var ekki annað að skilja en að engra breytinga væri að vænta. Enda var það niðurstaðan af endurskoðuninni.

Undirritaður kom ekki að viðræðum um endurskoðun á neinu stigi.

Þó framan greind mál séu ekki endilega mikið gleðiefni var ýmislegt gott sem gerðist á árinu og má margt til taka. Margt af því má koma niður í einn aðalflokk en hann má kalla jákvæð umfjöllun og fréttir. Má þar nefna nokkrar jákvæðar greinar í bændablaðinu varðandi geitfjárrækt og einnig stóraukin áhugi almennings fyrir geitinni. Af samtölum við geitabændur virðist það vera sama sagan hjá flestum. Áhugi fyrir afurðum og áhugasömum um að byrja í geitfjárrækt er augljós milli ára og er það virkilega jákvætt. Hinsvegar eru leiðindar fordómar á sveimi eins og alltaf varðandi geitur en með tíð og tíma er von um að eitthvað þokist til betri vegar þar.

Má nefna að styrkur fékkst til þróunar á uppskrifum á geitamjólkurafurðum sem undirritaður fékk í gegnum matvælasjóð og er þar líklega í fyrsta skiptið sem geitfjárrækt fær styrk þar í gegn, en þekkt er þegar sjóðurinn hafnaði umsókn frá geitabónda með rökum sem ekki verða skilgreind á annan veg en fordómar og þekkingarleysi fyrir geitfjárræktinni.

Dapurlegt var að heyra um misbrest í eftirliti MAST hjá einum geitabónda þegar óskað var eftir úttekt svo byrja mætti mjaltir og koma afurðum á markað. Er það bæði dapurlegt og óafsakanlegt og myndi heyra til stórtíðinda í öðrum greinum en virtist fá lítinn hljómgrunn. Er stjórn geitabænda vissulega ekki betri en annar í því en því miður heyrði stjórn ekki af málinu fyrr en alltof seint og í raun lítið sem hægt að gera til að leggja málinu lið á því stigi svo bjarga mætti. Er von að slíkt mál komi ekki aftur upp og að MAST geri betur.

Af afgerðarrannsóknnum er lítið að segja annað en að í Frakklandi bíða ennþá nokkrir íslenski geitaheilar djúpt í frysti og bíða eftir að einhver finni sér tíma til að rannsaka þá. En sauðfjárrannsóknir standa fyrr í röðinni.

Hafrasæðistaka og sæðingar voru með hefðbundnu sniði og undanfarin ár.

Alls voru 7 hafrar og 2 huðnur teknar á stöð. 4 bæir nýttu sér sæði og verður að bíða og sjá hvernig gekk í vor. Í ár var tekið sæði í 458 strá. Frá 2010 hefur verið fryst sæði úr 37 höfrum víðsvegar af landinu.

Geitfjárræktarfélag Íslands sér um rekstur Hafrasæðingarstöðinnar.

Mái 2024

Brynjar Þór Vigfússon

Formaður

Geitfjárræktarfélag Íslands